

# Fjarskynjan.

(>Hugtal<.) UTSIK  
2. júlí 1913

## I.

Der Mensch ist ein so wenig intelligentes Thier, dass ihm nicht nur die Religionen und die Philosophien, sondern mitunter auch die Wissenschaften Instrumente der Verdummung werden.

Mensch.

Enskur ferðamaður, Roy Trevor, segir frá frá því í ritgerð um Montenegro, að þar í landi geti menn talað saman í 5 enskra mílna (8 rasta) fjarlægð. >Maður talar neðan úr dalnum við ósýnilegan son einhverstaðar á fjöllumunum, og ófugt. Þetta er nokkurskonar þjóðlegt þráðlaust talsamband, og að geta þetta er náttúrugáfa fremur en list. Því að enginn útlendingur getur lært það. Það eru svo margir hjer, sem skilja ensku, að það er bezt að tilfæra orð höfundarins sjálf: >The people of the Karst have developed through long practice the art of long distance talking. At the remarkable space of five miles men can communicate with one another. A man will speak from the valley to an invisible son somewhere on the heights and vice versa. It is, in fact, a kind of wireless national telephone, a natural gift rather than an art, for no stranger can acquire it.< Fortnightly Review, Jan. 1913, bls. 45.

Jeg geri ráð fyrir, að þetta sje ekki lygisaga, og þá er sagan merki- leg, ennþá merkilegri en höfundur- inn heldur sjálfur. Því að það virð- ist óhugsandi, að orð sem framleidd eru með vörum og öðrum mann- legum talfærum, heyrast í meir en mílu fjarlægð, og þó skemmra væri. Menn geta reynt að tala af bæar- bryggjunni við einhvern úti í Engey. Og væru það loftöldurnar, sem menn skynjuðu, þá ættu allir að geta lært þetta fjartal, og ekki einungis Svartfellingar. >Fjartalið< mun í raun rjettri ekki vera samtal, heldur samhugsun (viðhugsun); fjartalendur skynja hvor annars hugs- anir, þegar þeir hugsast fast á, en ef til vill halda þeir þó, að þeir mælist við. Þetta er, að því er virð- ist, einmitt það, sem jeg nefndi hug- tal, áður en jeg hafði litið í rit Svedenborgs, sem einmitt notar orð sömu merkingar (sermo cogitativus) og segir, að þannig geti >andar< og >englar< talast við.

Það er dálítið í sögunni sem gæti bent til þess, að það sje einkum feðgar eða náfrændur, sem geti >fjar- talað< þannig, og verður manni að minnast sögunnar um að Þorleifur í Bjarnarhöfn hafi getað sjeð með augum sonar síns, sem var staddur í Björgvin, eða hvar það nú var. (Það var nú raunar ekki svona, sem sagan er sögð; en það er líklega það sem hún þýðir, sje hún sönn, sem vel getur verið; en jeg tel það sjálf- sagt, að í huga Þorleifs, sem víst aldrei hafði Björgvin sjeð, hafi bæði aflagast og margt tapast úr því, sem sonurinn sá).

Þetta fjartal þeirra Svartfellinga, er ef til vill að nokkru leyti arfur frá fornöld, því að Svartfellingar eru sjálfsagt í sumar ættir komnir af forn-Grikkjum. Og vilji menn gera sjer grein fyrir, hvernig slíkt hefur varðveist eða jafnvel að sumu leyti þroskast hjá þessari lítt mentuðu þjóð, þá má minnst þess, hvílíkt ófriðarland Montenegro hefur verið, og hversu oft Svartfellingur muni hafa þráð hjálp mjög ákaflega, en frændur hans og vinir að sínu leyti verið fúsir á að veita honum. líð, hugirnir hlutu í þessum efnum oft að verða mjög samstiltir, en hugsanirnar yfirleitt ekki margar, og svipaðar hjá flestum, líkamirnir stórvaxnir, sterkir og þolnir, svo að aflstraumarnir út frá þeim voru sterkir, hvers kyns sem þeir voru.

## II.

Um eitt leyti æfi minnar gat það komið fyrir, að mjer var slíkt og jeg heyrði samtál tveggja manna eða fleiri, stundum um efni, sem jeg skildi lítið í, eða á máli, sem jeg kannaðist ekki við að hafa heyrt áður. Eitt af því, sem jeg heyrði þannig minnst á, var það að innan ekki mjög langs tíma mundi mega komast svo langt í því, sem hjer hefur verið nefnt hugtal, að það gæti að líði komið í lífsháska, líkt og Marconiskeyti, en þó frammar. Og er svo að sjá, sem eitthvað á þá leið hafi þegar lengi átt sjer stað í Montenegro. Og þar er sannarlega rannsóknarefni; þar ætti að mega fá þá traustu undirstöðu í þessum efnum, sem svo afarmikil nauðsyn er á. Hljóðið er svo lengi að berast en hugsunin svo fljót, að það hlýtur að mega ganga alveg úr skugga um, hvort það eru hugsanir eða töluð orð, sem berast milli mannsins í dalnum og sonar hans einhversstaðar á fjöllumunum, jafnvel þó að þeir þættust þurfa að segja eitthvað hátt, til að sambandið kæmst á. Og svo er auðvitað hægt að sjá, hvort nokkuð þarf að tala, og hvort fjarlægðin má ekki vera miklu meiri en míla.

Frh.

*Helgi Pjeturss.*

# Fjarskynjan.

(Hugtal.)

## III.

Menn segja stundum, þegar ræðir um slík efni, að það megi ekki vera of fljóður að trúa og að það ríði á rannsóknum. Þetta er allveg rjett; enginn getur líklega verið sannfærðari en jeg um nauðsynina á, að alt verði rannsakað sem unnt er að rannsaka.

En þeir, sem koma fram sem efnarmenn í nafni vísindanna, eru nú einmitt stundum of auðtrúa sjálfir; það eru þeir, sem eru vissir um það, sem þeir mega alls ekki vera vissir um. Stundum eru þeir sannfærðir um, að á leið sem einmitt liggur til betri þekkingar (og síðan til betra lífs) sje ekkert að finna. Stundum eru þeir fast trúaðir á, að það, sem ef til vill einmitt hefur gert hinar merkilegustu uppgötvanir, hafi ekki það vit, sem þarf til þess að gera merkilegar uppgötvanir. Og það kemur fyrir, að þeir lesa hinar merkilegustu ritgerðir í þeirri trú, að á þeim sje lítið eða ekkert að græða, sbr. sögu Mayers, Bernardis, Semmelweiss og margra annara. Ostwald nefnir sumt af því í bók sinni um mikla menn, (en af alt of lítilli mannþekkingu samt).

Til fróðleiks um „sáluþekking“ nútímans, hygg jeg sje gott að lesa t. a. m. þessa bók Ostwalds sem

sem jeg hef sjálfur oftast en einu sinni, þó að jeg væri fjarstaddur, haft grun af þegar einhver mjer nákominn veiktist. En því þreyttari sem jeg er, og svefnminni, því síður verð jeg var við slíkt.

Margir virðast ætla, að það sje hjátrú, að loka ekki augunum fyrir því, að fjarskynjun getur átt sjer stað, en ýmsir virðast hafa dálítið svipaðar hugmyndir um slíkt, eins og ef krafist væri, að það nægði til Märconisambands, að seta niður sinn trjastaurinn í hvoru landi, án frekari útbúnings.

Ýmsir munu kannast við íslenskar sögur, um að menn hafi getað „fundið á sjer“, þegar einhver var í háska staddur og þóttist mjög hjálparþurfi. Og þeir, sem eitthvað slíkt vita, eða kemur fyrir, ættu að athuga það sem nákvæmlegast og segja frá því. Einsog gert hefur verið að nokkru leyti, en af ofmikilli dulrænutrú. Brynjúlfur frá Minnanúpi mun ekki af þessum síðustu orðum mínum álykta, að jeg telji hann ekki miklu fremur verðskulda lof en last.

30. júní.

Helgi Pjeturss.

Helgi Pjeturss. 1913